



**Ræða**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**á fjölskyldusamkomu á Hvammstanga**  
**í opinberri heimsókn í**  
**Húnavatnssýslur**  
**14. október 2002**

Ágætu Húnavetningar  
Góðir samkomugestir

Ég færi ykkur einlæggar þakkir fyrir rausnarlegar móttökur og fróðlegar samverustundir fyrr í dag. Sagan, gömul og ný, hefur svo sannarlega kviknað til lífs í ferðinni og okkur hefur oft verið hugsað til þeirra merku karla og kvenna sem hér gengu um grundir.

Morgunstud í kirkjunni á Melstað, lifandi fróðleikur og söngur. Minningin um Arngrím lærða sem þjónaði þar fyrir fjórum öldum, frumkvöðull í íslenskum fræðum og öflugur málflytjandi íslenskra hagsmuna í deilum við erlenda fræðimenn sem affluttu sögu Íslands á erfiðum tímum.

Ásdís á Bjargi, móðir Grettis, „svo vinsæl að aldrei voru henni ónáðir gerðar og eigi heldur meðan Grettir var í sekt“, eins og segir orðrétt í Grettissögu, æðrulaus tók hún örlögunum, ættmóðir, stolt og trúverðug, í hópi þeirra kvenskörunga sem hér hafa verið máttarstólpar frá því land byggðist. Við minntumst hennar í morgun við minnismerkið á Bjargi og var þá hugsað til frænda hennar í Vatnsdal og annarra kappa sem námu land í Húnaþingi og urðu efniviður í merkar sögur sem borið hafa hróður Íslands um veröld alla.

Miðfjarðar-Skeggja sem löngum atti kappi við Þórð hreðu var þannig lýst í Landnámubók: „Hann var garpur mikill og farmaður. Hann herjaði í Austurveg og lá í Danmörk við Sjáland er hann fór austan. Þar gekk hann upp og braust í haug Hrólfs kraka og tók þar úr Sköfnung, sverð Hrólfs konungs, og öxi Hjalta og mikið fé annað“. Það er reyndar mikið mannaval sem Landnáma segir að hingað hafi komið á landnámstíð:

„Haraldur hringur hét maður ættstór. Hann kom skipi sínu í Vesturhóp og sat hinn fyrsta vetur þar nær sem hann hafði lent og nú heita Hringstaðir. Hann nam Vatnsnes allt utan til Ambáttarár fyrir vestan en fyrir austan inn til Þverár og þar yfir um þvert til Bjargaóss og allt þeim megin bjarga út til sjávar.“

Og ekki skulum við gleyma Ingimundi gamla, ættföður Ásdísar og Hofverja í Vatnsdal, sem kom með fríðu liði.

„Þeir tóku Grímsárós fyrir sunnan land og voru allir um veturinn á Hvanneyri með Grími fóstbróður Ingimundar. En um vorið fóru þeir norður um heiðar. Þeir komu í fjörð þann er þeir fundu hrúta tvo. Það kölluðu þeir Hrútafjörð. Síðan fóru þeir norður um héruð og gáfu víða örnefni.“

Þannig gætum við lengi kvölds spunnid þráð frá fornum tímum og heimsóknin í Byggðasafnið á Reykjum var einnig vitnisburður um þann fjársjóð sem þið geymið frá nýliðnum öldum, hákarlaskipið Ófeig og annan efnivið í örlagasögu sem endurspeglar lífsbaráttuna til sjávar og sveita.

Mannlífið í Húnavatnssýslum hefur mótast af sóknarhug, vilja til að rækta land og sækja á miðin og marga mætti nefna þessu til staðfestingar, hugsjónafólk sem átti sér drauma um að efla framför og menningu, gat sér nafn sem lifað hefur í þjóðarsögu.

Ásgeir Jónsson, bóndinn á Gottorp, landsfrægur fyrir ræktun á sauðfé og Gottorpskynið eftirsótt í öllum sveitum, ritaði margt og hin merka bók hans, Horfnir góðhestar, mun lifa svo lengi sem áhugi er á íslenska hestinum, áhugi sem reyndar dafnar ár af ári og nú er hollvini hans að finna í heimsálfunum flestum og merkilegt að koma á svokölluð heimsmót íslenska hestsins á erlendri grund sem sótt eru af tugþúsundum sem elska og dá hestinn okkar og sækjast eftir öllu sem Íslandi tengist.

Sigurður Norland í Hindisvík sem þjónaði Tjarnarprestakalli í rúm þrjátíu ár, skáldhneigður málagarpur sem nær áttæðu fór að endurhæfa sig í fornum tungum, grísku og hebresku en átti líka þjóðþekkt hrossakyn, Hindisvíkurkynið og var slíkt valmenni að sagt var að á hans tíð hefði Hindisvík orðið sérstakur griðastaður sela og þeir orðið þar svo spakir að sögur fóru af.

Vatnsenda-Rósa sem orðið hefur fulltrúi fyrir alþýðuskáldin og vísur hennar öðlast nánast eilíft líf með öllum þeim sem unna íslenskum skáldskap:

”Þó að kali heitur hver,  
hylji dali jökull ber,

steinar tali og allt hvað er,  
aldrei skal ég gleyma þér.”

Já, kærur Húnavetningar þið búið svo sannarlega að miklum sagnasjóði og hef ég aðeins tínt til fáein brot úr fjölbreyttu safni, en mér finnst brýnt að við sameinumst, þjóðin öll, um að efla skilning á því hvílík verðmæti felast í sögunni sem héruðin geyma; verðmæti sem eru ekki aðeins hluti af þjóðararfi heldur líka ábending um atvinnu og ábata í framtíðinni.

Við höfum á síðari árum séð mörg dæmi þess hvernig heimamenn hafa víða tekið höndum saman um að túlka söguna og glæða lífi sem laðar að fjölda ferðamanna á sagnaslóðir. Gömlu verslunarhúsin á Ísafirði, Vesturfarasetur á Hofsósi, sýning, dagskrá og skemmtan á Njáluslóðum, síldarminjar á Siglufirði, Eiríksstaðir í Haukadal og Leifshátíð á hverju sumri og ekki má gleyma Grettisdögum, allt eru þetta vísbendingar um hvað hægt er að gera. Þúsundirnar sem um Ísland ferðast, bæði við sjálf og erlendir gestir sem hingað koma, vilja gjarnan ganga á vit þeirrar veraldar sem var og fræðast og gleðjast en líka til að geta betur skilið okkur sjálf.

Húnavetningar hafa sterkan sess í þjóðarvitund og hér eru ófá kennileiti sem skipta miklu fyrir sjálfsvitund og þjóðarsögu okkar Íslendinga.

Flateyjarbók sem nú er til sýnis í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu á nýrri sýningu Stofnunar Árna Magnússonar er þar varðveitt í sérhönnuðum glerskáp með sérstakri lýsingu og rakastigi. Flateyjarbók er gersemi sem þjóðin fagnaði, þúsundir á hafnarbakkanum þegar dönsku herskipin komu fyrir þrjátíu árum með fyrstu handritin heim og sjóliðarnir gengu fylktu liði í land; þeir fremstu með Flateyjarbók í fanginu, bókina sem Brynjólfur biskup hafði fært Friðriki III Danakonungi að gjöf – sú hin sama Flateyjarbók var rituð hér í Húnavatnssýslu að undirlagi Jóns Hákonarsonar í Víðidalstungu sem fékk tvo ágæta presta til verksins og munu ríflega eitt hundrað kálfar hafa fórnað lífinu til að koma öllum textanum til skila. Það þurfti húnavetnskan höfðingja til að gefa þjóðinni þetta einstaka rit sem síðar varð gersemi konunga og nú stolt okkar Íslendinga í viðhafnarstofu þegar við sýnum öndvegisritin sem orðið hafa hornsteinn í sjálfstæðisvitund og menningu þjóðarinnar.

Ég nefni einnig Breiðabólstað þar sem Hafliði Músson fyrir um níu öldum færði fyrstur manna lögina í letur, gaf varanlegt form þeim textum sem voru grundvöllur að þjóðveldinu og samnefnari í störfum Alþingis við Öxará, sá heimanmundur sem skapaði Íslandi sérstöðu í samfélagi

þjóða heims, lög frjálsrar þjóðar á fornum tímum en líka kjarninn í því skipulagi sem við höfum talið öðrum betra, lýðstjórn sem byggist á lögum og rétti.

Íslenskar bókmenntir og lagahefð eru hið tvíþætta framlag okkar til menningar heimsins sem kunnáttufólk fjallar jafnan um og reynst hefur okkur notadryggt þegar vitna þarf um sérstöðuna. Hvorttveggja er tengt merkisstöðum í Húnavatnspingi, Víðidalstungu og Breiðabólstað, og gætu þeir báðir orðið efniviður til að áréttá enn frekar þá merkissögu sem sýslunni tengist og burðarásar í öfluglu átaki menningartengdrar ferðapjónustu.

Húnavatnssýslur hafa líka verið í fylkingarbrjósti í baráttu þjóðarinnar fyrir bættum kjörum á síðari tímum, innlendri verslun og eflingu atvinnuvega. Héðan úr vesturhlutanum koma margir merkir menn sem létu að sér kveða á Alþingi og víðar. Hannes Jónsson starfsmaður sláturfélags á öðrum áratug síðustu aldar og svo kaupfélagsstjóri Vestur-Húnavetninga og alþingismaður um árabíl, bóndi og síðar athafnamaður í síldarvinnslu. Arftaki hans á þingi Skúli Guðmundsson, alþingismaður í um þrjátíu ár en líka starfsmaður Kaupfélagsins og stjórnandi þess hér á Hvammstanga í röskan áratug en einnig ráðherra og áhrifamaður í nefndum og ráðum sem komu ríkulega við sögu í þróun togaraútgerðar, orkumála og atvinnusköpunar um landið allt; Skúli var ljúflingur góður sem við virðum mikils sem bárum gæfu til að kynnast honum.

Æviferill þeirra tveggja er dæmi um hve ríkulega fulltrúar ykkar komu að framförum þjóðarinnar á liðinni öld, þegar Íslendingar náðu að hefja sig úr sárri fátækt og bæta kjörin á þann hátt að við færðumst í fremstu röð.

Það hefur löngum verið á brattann að sækja fyrir íbúa hinna dreifðu byggða og smærri samfélög til sjávar og sveita hafa þurft að byggja á ríkulegri samheldni til að halda sínu. Þótt mörgum finnist þessi glíma hafa skilað litlu þá getur landsbyggðin engu að síður fagnað margháttuðum framförum á undanförunum áratugum. Vegagerð og samgöngubætur hafa gert öll samskipti auðveldari, húsakostur, aðbúnaður á vinnustað, aðstaða í skólum og heilsugæslu, allt hefur þetta tekið stakkaskiptum frá því sem áður þekktist.

Það var einstaklega ánægjulegt fyrr í dag að heimsækja Grunnskóla Húnaþings vestra og leikskólann hér á Hvammstanga og kynnast því góða starfi sem þar er unnið, ræða við nemendur og starfsfólk og hlýða á dagskrána sem hinir ungu höfðu undirbúið. Það er mikil auðlind sem þið eigið í æskunni sem hér vex úr grasi og ánægjulegt að sjá þá alúð sem lögð er í uppeldisstarfið.

Ég hef stundum getið þess hve mikils virði það varð mér að alast upp á landsbyggðinni, kynnast lífinu í litlu þorpi og læra á samspil sjávar og sveita. Sú reynsla hefur fylgt mér alla ævi og verið mér leiðarljós á mörgum stundum.

Það er í rauninni ógerlegt að meta til hlítar gildi þess samfélags sem landsbyggðin fóstrar, gildi fyrir einstaklinga og fjölskyldulíf, gildi fyrir menningu okkar og þjóðlíf allt, gildi fyrir sjálfsvitund og reynslusjóð kynslóðanna, já, fyrir kjölfestuna sem hverri þjóð er nauðsynleg.

Ég rakti fyrir í ræðu minni fáeinar stiklur þeirrar miklu sögu sem orðið hefur hér í Húnaþingi, varpaði ljósi á brot úr þeim aldarspegli sem hér er að finna, vék að auðlindinni sem þessi arfleifð færir ykkur heimamönnum og hvernig hún gæti nýst á komandi árum.

Í ölduróti umbreytinganna sem í sífellu eru að skapa heiminum nýja mynd er áriðandi að missa ekki sjónar af uppruninum, slíta ekki ræturnar sem gera okkur kleift að halda áttum.

Þá er það þjóðarsagan bundin byggðum landsins sterkum böndum sem reynast mun drýgsta veganestið og því mikilvægt að styrkja jafnt og þétt vitundina um hve margbrotin hún hefur verið, gera hana á sem bestan hátt aðgengilega öllum þeim sem á þurfa að halda.

Húnvetningar eru í hugum okkar Íslendinga fulltrúar fyrir áræðni og dirfsku, sjálfstætt mat og einurð í tali við þá sem valdið hafa, enda sagði Páll Kolka að Húnvetningar hefðu alltaf kunnað illa allri yfirdrottun og aldrei reynt „að koma sér í mjúkinn hjá Bessastaðavaldinu, þótt þar gætu verið ýmis fríðindi í boði“, eins og segir í hinni skemmtilegu bók Páls, Föðurtúnum.

Það er mikilvægt að Húnvetningar haldi áfram að hugsa djarft og sjái í umbroti breytinganna tækifæri til nýrrar sóknar. Ég skynjaði vel í heimsókn minni í fyrirtækin fyrr í dag að hér er enginn bilbugur, horft er fram á veginn með bjartsýnina að leiðarljósi, en um leið byggt á þeirri traustu reynslu sem Hvammstangabúar og Húnvetningar hafa aflað sér á umliðnum áratugum.

Við höfum kynnst því á þessum fyrsta heimsóknardegi hve fjölpætt og þróttmikið mannlífið er hér í Húnaþingi vestra og hve drjúg sú auðlind er sem þið búið að: Hæfileikar unga fólksins, reynsla og þekking þeirra sem eldri eru, menning og saga í þúsund ár, sjávarfang og blómlegar sveitir, landkostir góðir og náttúrufegurð, víðfrægir firðir og tignarleg fjöll, en þó umfram allt sú samkennd sem færir fólkinu tiltrú, hvatningin sem í því felst að vera virkur þátttakandi í að skapa sér og sínum örugga

framtíð, spinna áfram þann örlagavef sem fylgt hefur Íslendingum frá landnámstíð.

Húnavetningar eiga heiður skilinn fyrir merkan þátt í þjóðarsögu og svo mun áfram verða í framtíðinni.

Ég færi ykkur einlægur þakkir fyrir frábærar móttökur, hlýhug og skemmtilegar samverustundir og óska ykkur og öllum Húnavetningum gæfu og gengis á komandi árum.